

**AUGLÝSING**  
**um óverulega breytingu á aðalskipulagi**  
**Sveitarfélagsins Ölfuss vegna Ingólfshvols.**

Skipulagsstofnun staðfesti 3. desember 2018 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, sem samþykkt var í bæjarráði 8. nóvember 2018.

Í breytingunni felst að á svæði fyrir verslun og þjónustu að Ingólfshvoli (V12) er bætt við heimild um gistingu fyrir allt að 50 manns.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 3. desember 2018.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

---

*Ottó Björgvin Óskarsson.*